

Ed.

231. Lög

um breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.

(Afgreidd frá Ed. 4. april).

1. gr.

Áf öllum útmældum eða afmörkuðum lóðum og lendum í lögsagnar-
umdæmi Akureyrarkaupstaðar, sem ekki eru eign hins opinbera, skal greiða
árlegt gjald í bæjarsjóð, sem nefnist lóðargjald. Bæjarstjórnin ákveður upp-
hæð lóðargjaldsins fyrir eitt eða fleiri ár í senn. Þó má eigi ákveða gjaldið
læggra en 1% og eigi hærra en 2% af virðingarverði bygðra og óbygðra lóða,
og eigilæggra en 1/2% og eigi hærra en 1% af virðingarverði túna, erfðafestu-
landa og matjurtagarða. Gjaldið má þó aldrei vera minna en 2 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðir eða lendur eru metnar af
lögskipaðri fasteignamatsneind, sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915, án tillits til mann-
virkja þeirra, sem á þeim hafa verið gerð.

Ef lóðir eru mældar út af nýju, milli þess er reglulegt fasteignamat
fer fram, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af hinni lögskipuðu fast-

eignamatsnefnd og yfirmatsnefnd kaupstaðarins, samkvæmt gildandi lögum um fasteignamat. Þar sem lóðir, lendur og mannvirki eru metin saman, ákveður byggingarnefnd og jarðeignarnefnd, eftir því sem við á, hve mikið af verðinu er innifalið í mannvirkjum, eða hve mikils virði lóð eða lenda er talin út af fyrir sig, en gerðir nefndanna skulu samþykta af bæjarstjórn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númerin ákvæði um lóðargjald af bygðri og óbygðri lóð í 18. gr. laga 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.